



1195. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 9. október 2019, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Björn Kristjánsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Selma Árnadóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Haraldur Gunnarsson og Halldóra Skúladóttir starfsmenn Íslandsbanka og Oddur Gunnar Jónsson sviðsstjóri og Viktor Elvar Viktorsson af fjármála- og rekstrarsviði VR.

Áður en að boðuð dagskrá hófst óskaði Ragnar Þór eftir samþykki fundarmanna fyrir því að breyta röð dagskrárliða þannig að dagskrárliður nr. 2 um kjaramál myndi verða nr. 4 og dagskrárliður nr. 4 um ávöxtun fjármuna VR yrði nr. 2. Samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1194. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1194. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Ávöxtun á fjármunum VR

Gestir fundarins, þau Halldóra Skúladóttir og Haraldur Gunnarsson starfsmenn eignastýringar Íslandsbanka tóku nú til máls og var umfjöllunarefni þeirra ábyrggar fjárfestingar þar sem farið yrði yfir ávöxtun á fjármunum VR og fjárfestingar með tilliti til sjálfbærni.

Í máli þeirra kom fram að þessi málaflokkur væri mjög viðamikill en undanfarið hefðu málefni umhverfisverndar fengið mesta umfjöllun. Þá sögðu þau frá sögu þeirra markmiða sem heimsleiðtogar hafa sett varðandi sjálfbærni s.s. með Kyotosamkomulaginu, Kaupmannahafnarsamkomulaginu og síðast Parísarsamkomulaginu 2015 en heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun eru 17 talsins og hefur Íslandsbanki einbeitt sér að fjórum þeirra sem eru a. Menntun fyrir alla, b. Jafnrétti kynjanna, c. Nýsköpun og uppbygging og d. Aðgerðir í loftlagsmálum.

Dóra mætir til fundar kl. 17:40



Einnig kom fram að fjárfestingarþörf til að halda meðalhita innan 2C° sé um \$2,38 billjónir árlega til ársins 2035 sem er 2,52% af heimspjóðarframleiðslu.

Þá fóru þau yfir skilgreiningu á samfélagslegri ábyrgð og ábyrgum fjárfestingum en ábyrgar fjárfestingar taka mið af umhverfislegum og félagslegum þáttum auk stjórnarháttanna við fjárfestingarákvarðanir til að draga úr áhættu og skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma.

Búið er að stilla upp 7 þrepum innleiðingar ábygrra fjárfestinga og hefur Íslandsbanki þegar unnið að innleiðingu 5 þeirra þrepa. Sögðu þau þá næst frá aðferðafræði ábygrra fjárfestinga sem fólgin er í t.d. neikvæðri skimun (Norski olíusjóðurinn beitir þeirri aðferð) og jákvæðri skimun (Græni skuldabréfasjóður Íslandssjóða notar þá aðferð) og virkri fjárfestingu sem algengt er að beitt sé af framtakssjóðum ofl.

Þá ræddu þau s.k. græn skuldabréf en mikill vöxtur er í útgáfu þeirra þar sem fara saman sameiginlegir hagsmunir útgefenda, fjárfesta og samfélagsins í heild.

Umræður.

Að loknum umræðum og fyrirspurnum þakkaði Ragnar Þór þeim Halldóri og Halldóru fyrir áhugaverða kynningu og véku þau af fundi kl. 18:43.

3. Kynning á fjármála- og rekstrarsviði VR

Nú tóku til máls gestir fundarins, þeir Oddur Gunnar Jónsson sviðsstjóri og Viktor Elvar Viktorsson báðir starfsmenn fjármála- og rekstrarsviðs VR og fóru þeir yfir kynningu á starsemi sviðsins á slæðum.

Í máli þeirra kom m.a. fram að sviðið er samkvæmt skipuriti félgasins eitt fjögurra sviða VR. Helstu verkefni sviðsins eru: a. Bókhald og reikningsskil, b. Gjaldkeri, c. Fjárstýring sjóða, d. Upplýsingatækni, e. Fasteignaumsjón, f. Umsjón orlofshúsa og g. Gæða- og skjalamál.

Þá voru rakin helstu verkefni á sviði bókhalds, fjármála og reikningsskila s.s. er varðar Axapta bókhaldskerfið, eftirlit með fjárstýringu, ársreikning, fjárhagsáætlun ofl.

Varðandi upplýsingatækni þá kom fram að allur rekstur tölvukerfa VR er á staðnum auk nýsmíði og viðhalds sértæks hugbúnaðar að viðbættri almennri aðstoð við starfsmenn. Kerfin sem notuð eru eru fyrst og fremst Oracle gagnagrunnur og ýmis þjónustukerfi sem hafa verið smíðuð hjá VR utan orlofskerfið Frímann.



Á næsta ári er áætlað að endurnýja miðlægt umhverfi í eigu VR s.s. er tekur til afritunarbúnaðar, netþjóna, kælikerfa ofl. svo og að endurnýja orlofskerfi.

Varðandi rekstur fasteigna og orlofsmál þá eru helstu verkefni tengd umsýslu og rekstur orlofshúsa og svo fasteigna almennt og bíla fyrir starfsemi VR. En orlofshúsin eru fyrirferðarmest og eru þau nú 71 en innan skamms verða komin 76 hús í notkun.

Að því sem varðar gæða- og skjalamál eru helstu verkefni þau er snúa að umsýslu, kennslu og eftirlit með ONE system skjalakerfi okkar þar sem er málaskrá og gæðaskjöl með verklýsingum og vinnuleiðbeiningum. Starfsmaður þessa málaflokks er einnig persónuverndarfulltrúi þótt sá málaflokkur heyri reyndar undir framkvæmdastjóra.

Umræður.

Að loknum umræðum og fyrirspurnum þakkaði Ragnar Þór þeim Oddi Gunnari og Viktori Elvari fyrir þeirra kynningu og véku þeir af fundi kl. 19:45.

4. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá því að fundur hafi verið haldinn í Miðstjórn ASÍ á miðvikudag síðustu viku og þar hafi verið til umfjöllunar drög að reglum um viðauka við ráðningarsamninga starfsmanna stéttarfélaga innan ASÍ. Var tilefni þess þau mál sem hafa verið í umræðunni hjá Eflingu. Með þessu væru til ferlar og aðilar máls gætu leitað hjálpar hjá þriðja aðila m.a. er rætt um 400 þús. kr. aðstoð til að greiða fyrir lögfræðikostnað.

Þá hafi verið samþykkt að stofna rannsóknarsjóð ASÍ með BSRB til að rannsaka vinnumarkaðsmál, löggjöf ofl. Hafi fundurinn að auki samþykkt leiðbeiningar um flutning réttinda félagsmanna til og frá BSRB þannig að það sé svipað og réttindaflutningur milli ASÍ félaga.

Umræður.

Næsta miðvikudag verður formannafundur en þar sem Ragnar Þór er þá erlendis og einnig varaformaður þá ber samkvæmt reglum ASÍ að kjósa fulltrúa af stjórn félagsins. Spyr Ragnar Þór hvort einhver fundarmanna sé reiðubúinn að fara á fundinn fyrir okkar hönd?
Arnþór gaf einn kost á sér.

Ragnar Þór bar þá upp til samþykkis að Arnþór færi á formannafundinn fyrir VR.

Samþykkt samhljóða.



Síðan eru hefðbundin verkefni í farvegi s.s. húsnæðishópurinn, og hyggst Ragnar Þór boða fund í húsnæðisnefnd fljótlega að loknu LÍV þingi.

Hann átti fund með framkvæmdastjóra Bónus verslana og var það góður fundur. Þá átti hann fund með forstjóra Kviku banka í dag sem var ágætur fundur og ljóst að fast verður tekið á Gamma málinu og farið í rannsókn.

Umræður.

Á föstudag mun Ragnar Þór eiga fund með Seðlabankastjóra.

Að lokum fór Ragnar Þór lauslega yfir drög að dagskrá LÍV þings en meðal nýjunga er að boðið verður uppá spurningar og svör með rafrænum hætti sem tókst með miklum ágætum á nýliðinni ráðstefnu um styttingu vinnuvikunnar. Með sama hætti verður unnið varðandi stefnumótun er snýr m.a. að framtíð verkalýðshreyfingarinnar og leiðir að markmiðum í stað hefðbundinna borðavinnu með útfyllingu miða oph. Vonandi tekst vel til með þessa nýju tækni en þess er vænst að með því muni fleiri taka þátt og niðurstaða verði lýðræðislegri.

Umræður.

Nú óskaði Ragnar Þór eftir því að fá að framlengja fundi til kl. 21:00.
Samþykkt.

5. Reglur um lán til félagsmanna vegna gjaldþrota

Ragnar Þór sagði þetta þegar hafa verið kynnt og legið milli funda. Engar athugasemdir hefðu borist.

Umræður.

Í umræðum kom fram að fundarmenn voru sammála um að taka út hámarks upphæðina 370.000 kr. í lið nr. 4 úr reglunum sjálfum þótt upphæðin gæti vel staðið í kynningarefni og uppfærast árlega. Skýrt kæmi fram að hámarksupphæðin er það hámark sem Ábyrgðarsjóður launa greiðir fyrir einn mánuð hverju sinni og ætti það að duga.

Þá voru fundarmenn einnig sammála um að bæta því við 4. lið þar sem greint er frá því að þurfi að liggja fyrir undirritað skjal af félagsmanni um framsal á kröfu að það sé einnig undirritað af vottum.

Ragnar Þór bar nú upp þessar reglur með þessum breytingartillögum.

Samþykkt samhljóða.

- 6. Umboð vegna leiðréttinga á eignarhlut VR á Austurvegi 56, Selfossi**
Stefán lagði fram skjalið „*Austurvegur 56 Selfossi minnisblað*“, dags. 8. október 2019. Málið er furðulegt en varðar mistök sem urðu hjá Sýslumanni þegar skrifstofuhúsnæði okkar að Austurvegi 56 á Selfossi var skráð í þinglýsingarbækur sýslumanns. Sýslumaður hefur neitað að breyta rangri skráningu og er því ekki um annað að ræða en að gefa út nýtt afsal fyrir eigninni þannig að eignarhald verði rétt. Í afsalinu þá afsalar VR sér 3,33% af eigninni og FIT 13,33% til Bárunnar stéttarfélags og er þá skráning orðin rétt.

Lét Stefán nú umboð til þessa ganga meðal stjórnarmanna og var það undirritað.

Sigríður Lovísa vék hér af fundi kl. 20:30

- 7. Tillaga að fulltrúum í uppstillingarnefnd trúnaðarráðs VR**
Stefán lagði fram skjalið „*Minnisblað um skipun í uppstillinganefnd 2020 – 2021*“ dags. 8. október 2019. Kom fram að kjörtímabil uppstillinganefndar samkvæmt lögum VR er tvö ár og rennur núverandi kjörtímabil út um áramót. Hér er stungið uppá að mestu sama fólki og síðast en svo verður haldinn fundur í trúnaðarráði í nóvember/desember þar sem þetta er borið upp til loka samþykktar. Stungið er uppá eftirfarandi:

Aðalmenn

Helga Bryndís Jónsdóttir	Trúnaðarráð / Trúnaðarmaður
Magnús Þorsteinsson	Trúnaðarráð
Sigrún Guðmundsdóttir	Trúnaðarráð / Trúnaðarmaður
Stefán Viðar Egilsson	Trúnaðarráð / Trúnaðarmaður

Vinnustaður

Ferðaskrifstofa Kynnisferða
Íslandsspil sf.
Miklatorg hf.
Tengi ehf.

Varamenn

Ágústa Harðardóttir	Trúnaðarráð / Trúnaðarmaður
Þórður Mar Sigurðsson	Trúnaðarráð
Steinar Viktorsson	Trúnaðarráð / Trúnaðarmaður
Sara H. Guðbjörnsdóttir	Trúnaðarráð / Trúnaðarmaður

Johan Rønning hf.
Samskipti ehf.
Húsasmiðjan ehf.
Nordic Visitor hf.

- 8. Vinnufundur orlofsstjórnar VR**

Ragnar Þór sagði að á nýliðnum vinnufundi orlofsstjórnar VR hafi verið ræddar stefnur og straumar.

Sigurður Sigfússon formaður orlofsstjórnar tók nú til máls og kynnti helstu niðurstöður en á vinnufundinum voru auk orlofsstjórnar, þau Ragnar Þór, Stefán framkvæmdastjóri, Oddur Gunnar sviðsstjóri, Ásta B. Þjónustufulltrúi á Selfossi og Gísli Lúðvík umsjónarmaður í Miðhúsaskógi.

Meginákvörðun þeirra var sú að verðskrá næsta leigutímabils mun lækka. Það var gert með því að taka út s.k. hásumarsverð þannig að einungis eru 2 leigutímabil þ.e. sumarleiga og vetrarleiga.



Umræður.

Einnig voru ákveðnar fjárfestingar í tveimur húsum í Svignaskarði og tveimur í Hálöndum á Akureyri.

Ákveðið var að halda áfram á sömu braut í orlofsmálum og undanfarið en því til viðbótar var ákveðið að skoða möguleika þess að leigja hús/íbúðir á Tenerife og Orlando. Starfsmenn skoði hvað sé í boði.

Lagt var til og samþykkt að hafa úthlutun með óbreyttu sniði í janúar eins og gert hefur verið undanfarið.

Umræður.

Fundi var slitið kl. 21:22
Árni Leósson, fundarritari